

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, á 110 ára
afmælisfagnaði starfsfólks Háskóla Íslands í Silfurbergi í Hörpu 5.
nóvember 2021**

Kæra samstarfsfólk. Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin til þessa starfsmannafagnaðar okkar allra sem störfum í Háskóla Íslands’.

„Mjór getur verið mikils vísir.“

Svona komst Björn M. Ólsen, fyrsti rektor Háskóla Íslands, að orði í setningarræðu sinni fyrir réttum 110 árum þegar Háskóli Íslands var stofnaður á Alþingi Íslendinga. Það má sannarlega segja að þessi orð hafi gengið eftir þegar við horfum til hins örsmáa háskóla, sem hafði ekki einu sinni eigið húsnæði, með einungis 45 nemendur og 11 fasta kennara yfir í að verða alhliða rannsóknarháskóli sem starfar á fimm fræðasviðum í 26 metnaðarfullum deildum með miklum fjölda rannsóknastofnanna sem helga sig af krafti mikilvægum rannsóknum og áskorunum. Nemendur eru núna hartnær 16 þúsund og fastir starfsmenn eru nærri 1.500 talsins sem starfa í fjölda bygginga Háskólans sem hýsa kennslu og rannsóknir á heimsmælikvarða. Þetta fólk, þessi 1500, það erum við.

Eins og kom fram í myndbandinu hér á undan þá hefur ykkar starf lagt grunninn að því að bæta hag okkar allra sem byggjum þetta land. Háskólar eru enda þekkingarveitur sem leita lausna og breyta heiminum með kennslu, rannsóknum og nýsköpun. Kærar þakkir öllsömul.

Það fór vel á því að Háskóli Íslands væri stofnaður á þjóðhátíðardegi Íslendinga og aldarafmæli sjálfstæðishetjunnar Jóns Sigurðssonar.

„Vér höfum ástæðu til að vona að háskólinn verði með tímanum gróðrarstöð nýs menntalífs hjá þjóð vorri,“ sagði fyrsti rektorinn og bætti við „og sjá allir hve ómetanlegt gagn það getur orðið fyrir menning vora og þjóðerni að hafa slíka stofnun hér innanlands.“

Björn rektor sagði það jafnframt trú sína að skólinn gæti, „þegar stundir líða lagt sinn litla skerf til heimsmenningarinnar, numið ný lönd í ríki vísindanna, í samvinnu við aðra háskóla.“

Kæra samstarfsfólk. Hér komum við saman nærri þeim stað þar sem Björn M. Olsen ávarpaði fyrstu háskólaborgara Íslands við Austurvöll, til að fagna því að 110 ár eru liðin frá því að þessi litli skóli við Austurvöll hóf starfsemi, skóli sem nú raðast með þeim allra bestu í veröldinni.

Fyrir á árinu fögnuðum við afmælinu með látlausri en fallegru athöfn á 17. júní í Hátíðasal að viðstöddum m.a. forseta Íslands, forsætisráðherra og Vigdísu Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta og einstökum velgjörðarmanni Háskóla Íslands.

Nú í haust kom háskólaráð saman til fundar í Alþingishúsinu til að minnast þess að fyrstu 29 starfsárin hafði Háskóli Íslands aðsetur í Alþingishúsinu, eða allt þar til Aðalbygging var vígð þann 17. júní árið 1940. Nokkrar deildir skólans hafa veitt heiðursdoktorsnafnbætur í tilefni afmælisins og þess hefur verið minnst með ýmsum öðrum hætti.

Eins og við öllum vitum hefur veirufaraldurinn neytt okkur til að fella niður ... TJA hvar á ég að byrja...

vorfagnað, haustfagnað, árshátíð, jólaboð, annan vorfagnað og annan haustfagnað... já og aðra starfsmannfagnaði um allan skóla.

En nú er tími til kominn að VIÐ starfsfólk Háskólans lítum upp úr amstri dagsins og fögnum öllu því sem hefur áunnist, ekki bara síðustu mánuði í glímunni við áskoranir sem tengjast COVID, og stendur reyndar enn yfir, heldur undanförunum 110 árum sem hafa breytt öllu í íslenskum veruleika í krafti menntunar og rannsókna.

Þegar á allt er litið er alveg einstaklega ánægjulegt að við skulum vera saman komin hér í dag til að blanda geði, þiggja veitingar og njóta fjölbreyttrar dagskrár. En munum líka að halda áfram að huga að sóttvörnum...

...það er nefnilega líka þeim að þakka að við getum fagnað hér saman í dag.

Kæra samstarfsfólk. Um leið og ég þakka ykkur öllum frábært starf í þágu Háskóla Íslands óska ég OKKUR öllum til hamingju með afmælið. Ég ætla nú að gefa Felix Bergssyni orðið. Felix mun leiða okkur í gegnum dagskrána.

Góða skemmtun.